



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

14. árgangur 9.tbl.

Október 2017

Konur úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi heimsóttu Búrfellsstöð



Hér er allur hópurin ásamt starfsfólki Landsvirkjunar þann 3. október s.l.
Nánari umfjöllun á bls. 6 og 7.



Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00

486-6100 - skeidgnup@skeidgnup.is

Starfsmaður í Áhaldahúsi

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Umsjónarmaður gámasvæða Jón F. Sigurdsson - s. 893-7016

Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5.nóv.2017.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Opnunartími gámasvæða.

Við Árnes opið:

priðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru staðsettir á gámasvæðunum í Brautarholti og Árnesi. Opnir allan sólarhringinn.

Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa

Alla daga, allan daginn.

(Til vinstri á heimreið fyrir framan gróðurhús.)

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.


Jón Sigurdsson, umsjónarmaður gámasvæðanna

893-7016 eða 462-5301.

Þjónusta vegna ljósleiðara!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókaldi Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.

skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson.





Sími 899-2910 www.pizzavagninn.is



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
5. okt	6. okt Árnes 18:00-20:30	7. okt Reykholt 18-21
12. okt Laugarvatn 18:00-20:30	13. okt Flúðir 18-21	14. okt Lokað í dag
19. nóv okt	20. okt Brautarholt 18:00-20:30	21. okt Reykholt 18-21
25. okt ATH miðvikudagur Laugarvatn 18:00-20:30	27. okt Flúðir 18-21	28. okt Borg 18:00-20:30
2. nóv	3. nóv Árnes 18:00-20:30	4. nóv Reykholt 18-21



Sími 899-2910 www.pizzavagninn.is



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
2. nóv	3. nóv Árnes 18:00-20:30	4. nóv Reykholt 18-21
9. nóv Laugarvatn 18:00-20:30	10. nóv Flúðir 18-21	11. nóv Lokað í dag
16. nóv	17. nóv Brautarholt 18:00-20:30	18. nóv Reykholt 18-21
23. nóv Lokað í dag	24. nóv Lokað í dag	25. nóv Lokað í dag
30. nóv	1. des Árnes 18:00-20:30	2. des Reykholt 18-21

Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson sími:
859-9559.



Heilsugæslan í Laugarási s. 432-2770
Opið virka daga kl. 08:00 -16:00

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30
Lyfjaendurnýjun hjá ritara kl. 8:00 — 9:00 í síma 432 2020

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000
Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Lyfja– útibú í Laugarási

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, kl. 10-13.

Velferðarþjónusta Árneshings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181

www.arnesthing.is Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árneshings er
María Kristjánsdóttir maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðukona heimaþjónustu sigrun@laugaras.is



BAÐSTOFUKVÖLD SSK
Í HESTAKRÁNNI
þriðjudaginn 17. október 2017



Kvenfélag Skeiðahrepps býður til Baðstofukvölds SSK í
Hestakránni, þriðjudaginn 17. október kl. 20.00.

Dagskrá kvöldsins verður í anda okkar kvenfélagskvenna
allt í senn notaleg, vinnusöm, fræðandi og gefandi kvöldstund.

Stjórn SSK og Kvenfélag Skeiðahrepps

Guesthouse Denami - Vestra-Geldingaholt

www.denami.is — josefine@denami.is



Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:

Landflutningar
SAMSKIP

Frá Reykjavík kl. 9:00 alla virka daga- með viðkomu á Selfossi

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820


Email: sverrir.unnarsson@samskip.com www.landflutningar.is



facebook

Ó syng þínum Drottni!

Viljum aðeins minna á geisladiskinn okkar þar sem sameiginlegur kór Ólafsvalla og Stóra-Núpskirkna syngur valda sálma eftir sr. Valdimar Briem, og Haukur Guðlaugsson leikur orgelverk á orgelið í Skálholti. Diskurinn er til sölu í Sunnlenska Bókakaffinu á Selfossi, Kirkjuhúsinu Laugavegi 31, Lyfju Laugarási, Skálholtsskóla, hjá Þorbjörgu organisti kirknanna og Kristjönu Heyden 863-9518. Katrín Briem teiknaði myndir við sálmana í textahefti sem fylgir og mynd á forsíðu disksins er málverk af sálmaskáldinu, eftir Ásgrím Jónsson, listmálara.





Landsvirkjun

Við þökkum kærlega fyrir heimsóknina

Konur úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi heimsækja Búrfellsstöð

Hópur vaskra kvenna úr hreppnum sótti Búrfellstöð heim á dögunum en Landsvirkjun heldur reglulega fundi með heimafélki á starfssvæðum sínum víðsvegar um land. Slíkir fundir hjálpa okkur að skapa umræður og vettvang fyrir sjónarmið þeirra sem starfsemin hefur áhrif á. Í heimsókninni kynntum við fjölbreytta starfsemi á svæðinu, mögulega Hvammsvirkjun, stækkun Búrfellsstöðvar og nýtingu vatnsauðlindarinnar.

Við þökkum kærlega fyrir góða kvöldstund!



Olivera Ilic, verkefnastjóri umhverfis- og samfélagsmála á Þjórsársvæðinu ræddi um virkjanirnar og umhverfis-málin á svæðinu.



Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjnar, bauð fundargesti velkomna og sagði frá fjölbreyttri starfsemi Landsvirkjunar.



Úlfar Linnet, forstöðumaður rannsókna, sagði frá viðamiklum rannsóknum á svæðinu.





Ásbjörg Kristinsdóttir, verkefnastjóri stækkunar Búrfells, ræddi um bættu nýtingu vatnsauðlindarinnar.

Georg stöðvastjóri tók á móti gestum í Búrfellsstöð ásamt öðrum starfsmönnum Landsvirkjunar.



Gestir skoðuðu stöðvarhús Búrfellsstöðvar.

Líflegar umræður sköpuðust eftir heimsókn í stækkaða Búrfellsstöð





Leikholtsfréttir í október 2017

Við í Leikholti höfum haft það fint og búin að gera margt og mikið. Við tókum á móti nýju barni og kvöddum annað og stöndum því enn í tölunni 26 börn ☺

Við kvöddum hana Tjorven í september sem flutti til Þýskalands, og þökkum henni kærlega fyrir samstarfið og vonum að við sjáum hana aftur ☺ Gréta Gísladóttir, leikskólakennari og myndlistarmaður, byrjaði að vinna hjá okkur í lok september og bjóðum við hana innilega velkomna til starfa hjá okkur í Leikholti ☺

Í september vorum við með tvo öðruvísi daga, þessir öðruvísi dagar eru dagar sem börnin í Vörðufelli (2ja til 5 ára) fá að kjósa um hvernig öðruvísi dag þau vilja hafa, þetta er hluti af lærdóm um lýðræði. Dagarnir sem urðu fyrir valinu voru Bókadagur og Kjóla- og skyrtudagur, þessa daga máttu þau þá koma með eina bók í leikskólann að

heiman og hinn daginn koma í kjól, skyrtu eða bæði ☺

Um mánaðarmótin sept/okt var farið í framkvæmdir á svæðinu milli Mótelsins og leikskólans og í þeim framkvæmdum græddum við helling af stórum trjám sem komið var fyrir á lóð leikskólans. Nú erum við loks komin með með smá sýnishorn af skógi á lóðina til okkar. Ef fleiri þurfa að losa sig við tré með rótum og öllu þá eru þau velkomin á lóðina okkar.

Við endum á að setja inn fundargerð fyrsta umhverfisnefndarfundar í Vörðufelli ykkur til fróðleiks ☺ og myndir af fundinum, skóginum okkar og börnunum í starfi.

Umhverfisnefndarfundur 22. september 2017

Mættir: Sirrý, Haukur, Alla, Oliwia, Gunnlaugur, Tina, Magnús Veigar, Elín Victoría, Ragna Margrét, Agnes Día, Guðrún Renata, Hjörvar Ingi og Þröstur Óli (Irma Ósk og Kristófer voru í fríi og Harpa veik).

- Fundur var settur.
- Börnin fengu upplýsingar um það að þau væru nýja umhverfisnefndin og var hlutverk umhverfisnefndar rætt.
- Sirrý hengdi Grænfánann upp á vegg og spurði nefndina hvað þetta væri? Börnin voru fljót að svara þessu og sögðu þetta vera Grænfánann. Þau voru þá spurð að því af hverju við ættum þennan fána?
- o Af því að við erum dugleg að tína rusl og af því að við hugsum svo vel um umhverfið og af því við flokkum..... Allir vel með á nótunum. ☺
- o Umræðan barst aftur fljótt að fánum og vildu börnin fá að sjá þjóðfána allra í nefndinni. Haukur fór þá og sótti alla fánana. Talið barst að börnum í öðrum löndum og ákváðum við þá að prófa að fylla út umhverfismat fyrir þemað *Hnattrænt jafnrétti*.
- o Farið var vel í hverja spurningu og komumst við að því að við viljum læra heilmikið um hnattrænt jafnrétti og munum við því velja okkur það sem næsta þema.
- o Sirrý ætlar að skoða hvort við megum taka þátt í Sólblómaverkefni SOS eða einhverju öðru sambærilegu sem og að setja nýju markmiðin okkar á blað og hengja á Grænfánavegginn okkar.

O
 Á næsta fundi ætlum við
 að ræða um umhverfis-
 sáttmála Leikholts, fara
 yfir markmið vetrarins og
 finna hugmyndir að
 verkefnum.

Fundi slitið.

Bestu kveðjur frá öllum
 í Leikholti.

Hleklubörnin



UMHVERFISNEFNDARFUNDUR Vörðufellsbörn





Bleikur haustfundur Kvenfélags Skeiðahrepps

verður haldinn laugardaginn 28. október
2017 í matsal Leikholts kl. 11.00.

Vetrarstarfið o.fl. verður til
kynningar og umræðu.

Veitingar í boði kvenfélagsins og Bleika krukkan mun taka á
móti frjálsum framlögum, sem munu líkt og undanfarin ár,
renna óskipt til Krabbameinsfélags Arnessýslu.

Nýjar konur hjartanlega velkomnar ☺

Stjórn og varastjórn Kvenfélags Skeiðahrepps



**Stækkun Búrfellsvirkjunar í
Skeiða- og Gnúpverjahreppi**

Skotveiðibann

Öll rjúpnaveiði og önnur skotveiði er
stranglega bönnuð á
framkvæmdasvæði virkjunarinnar í
landi Skeiða- og Gnúpverjahrepps

**Sveitastjóri Skeiða- og
Gnúpverjahrepps**

**Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti
Steinpórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.**

**Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni
Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.**



Reiðhjól til sölu!

Glæsilegt, algjörlega ónotað karlmannshjól til sölu.

Bögglaberi, hjólapumpa og aðrir fylgihlutir innifaldir.

Verð kr. 65.000,-
staðgreitt
(kostaði 95.000,-)

Upplýsingar í síma
486 6143.



Kæru íbúar sveitarfélagsins!

Könnunin sem rædd var í síðasta Fréttabréfi verður send út á næstu dögum (viku nr 42) þar sem spurt verður um fyrirkomulag sorpmála hér í sveitinni. Góðfúslega leggið málaflokknum lið með því að taka þátt og látið hugmyndir heyrast um það sem ykkur finnst að mætti betur fara á þeim vettvangi. Einnig geta þeir sem greiða sorphirðugjöld fengið auka kar undir endurvinnanlegt hráefni til þess að geta flokkað betur.

Hafið samband við skrifstofuna um það s. 486-6100.

Með kveðju. Sveitarstjóri

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja

Við styðjum UMFG þegar við tökum þátt.



802

Dósaöfnun 9. bekkjar Flúðaskóla

Við nemendur í 9 bekk héðan úr Skeiða- og Gnúpuperjahreppi erum að safna dósum og gosflöskum til styrktar Danmerkurferð okkar næsta haust. Áætlað er að heimsækja bæi að minnsta kosti tvisvar fyrir áramót og þrisvar eftir áramót en engar ákveðnar dagsetningar ennþá. Einnig er hægt að hafa samband við okkur ef allt er orðið fullt af dósum þess á milli, þá verður náð í þær. Við þökkum þeim fyrirfram sem vilja leggja okkur lið og við munum banka upp á með von um að fólk geti hjálpað okkur aðeins.



Bestu kveðjur og þakkir.

Auðunn Magni, Ásta Ivalo, Iðunn Ósk og Kistín Huld.

Við leitum að tveimur starfsmönnum í mötuneyti ÍAV við Búrfell 2 sem gætu byrjað fljótlega og unnið til loka aprílmánaðar 2018

Verkefnin eru:

1. Aðstoða kokk
2. Salatbar
3. Uppvask
4. Þrif, þar með talið skúringar, í borðsal og eldhúsi
5. Vörumóttaka



Önnur tilfallandi störf í eldhúsi og borðsal Vinnutími: Unnið er á 12 tíma vöktum í 7 daga og 7 daga frí. Gert er ráð fyrir að starfsmenn gisti í vinnubúðunum meðan á vinnulotu stendur en ef viðkomandi býr nálægt og kys að gera það ekki, þá verður það leyst.

Upplýsingar gefur Ragnar K. Kristjánsson

Sími/Tel.: +354 530 4200 | Mobile - +354 693 4203 rkk@iav.is

Country Taxi

Sinni öllum uppsveitunum, ball, afmæli eða annar mannfagnaður. Allar upplýsingar á facebook:

<https://www.facebook.com/leigubill/>

eða í síma 776-0810.

Kv. Dóri



VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting —

Vaxmeðferðir - Litun og pökkun.

**Tímapantanir í
síma: 856-1599**



www.Híalín.is

Silkiprentuð munstur sem
hafa beina skírskotun í
íslenska náttúru.
Sérsaumaðir kjólar,
húfur, leggings og
bolir.

Kíktu í heimsókn og
verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689/ vilmarius13@gmail.com



Mest seldu hnakkarnir frá Tølt rider Glampi kostar
nú nýr 199.900 m/vsk

Virkislausir hnakkurinn Heba 149.000 m/vsk

Velkominn að skoða eða sækja prufuhnakk hjá okkur í Vestra-
Geldingaholti



www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfús
698 70 90 Josefine



47. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnosi miðvikudaginn 20. september 2017 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinsson, Meike Witt og Halla Sigríður Bjarnadóttir, auk Kristófers A. Tómassonar sveitarstjóra sem ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Sveitarstjóri óskaði eftir að tveimur málum yrði bætt á dagskrá. Mál nr 12. Bréf frá Skipulagsstofnun um efnistöku á Búrfellssvæði, mál nr 13. Leyfi til reksturs gistingar Steinsholt 2. Beiðni um umsögn. Var það samþykkt.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar :

1. Hvammsvirkjun. Mat á aðstæðum og framkvæmdaáformum. Rætt var um hugsanlega beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að afgreiða það og með hvaða hætti. Sveitarstjórn gagnrýnir að athugasemdir vegna Hvammsvirkjunar séu ekki aðgengilegar almenningi og hvetur Skipulagsstofnun til að bæta úr því. Samþykkt samhljóða.
2. Snjómokstur útboðsgögn. Lögð fram drög að gögnum til útboðs/verðkönnunar á snjómokstri í sveitarfélaginu. Gögnin unnin í samráði við Vegagerð ríkisins. Útboðsgögn samþykkt og sveitarstjóra falið að auglýsa útboð.
3. Neslaug leiga. Seinni umræða. Lagt fram erindi að nýju frá Eypóri Brynjólfssyni. Hann óskar eftir að fá að reka Neslaug árin 2018-2019. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ganga til samninga við Eypór, samþykkt að greiðsla til hans verði kr. 500.000 pr mánuð á samningstímanum. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við Eypór.
4. Erindi frá Samgöngu og sveitarstj.ráðuneyti. Varðar sameiningar. Lagt fram erindi frá Samgöngu- og Sveitarstjórnarráðuneyti. Ráðgjafanefnd um sameiningarmál. Lagt fram og kynnt.
5. Nónsteinn ákvörðun um framhald rekstrar. Leigutíma núverandi leigutaka á gistiheimilinu Nónsteini líkur 30 september nk. Sveitarstjórn samþykkir að gerð verði úttekt á húsinu, ákvörðun frestað um framvindu hússins þar til úttekt hefur farið fram.
6. Ríkiskaup aðildarsamningar. Lögð fram gögn frá ríkiskaupum, krafist er greiðslu fyrir aðild að aðildarsamningum/ramma-samningum. Samþykkt að hafna áframhaldandi aðild að aðildarsamningum Ríkisкупа.
7. Umsókn South Central ehf um lóð við Malarbraut við Brautarholt. Lögð fram umsókn South central ehf undirrituð af Hermann Kristjánssyni um verslunar og þjónustulóðir við Malarbraut nr 4 og 6. við Brautarholtshverfi. Samþykkt samhljóða að úthluta lóðunum til South central. Sveitarstjóra falið að útbúa lóðarleigusamninga.

Fundargerðir

8. Fundargerð 140. fundar Skipulagsnefndar. Mál nr. 14 og 15 þarfnast umfjöllunar.

14. mál

Hvammsvirkjun virkjun Þjorsár á móts við Skarðsfjall: Deiliskipulag 1509062. Kynningar á athugasemdum og umsögnum sem bárust við tillögu að deiliskipulagi samhliða aðalskipulagi. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að málinu verði frestað til næsta fundar Skipulagsnefndar

15. mál

Reykholt í Þjorsárdal. Verslunar – og þjónustusvæði : Aðalskipulagsbreyting 1709046. Varðar umsókn Rauðakambs ehf. Um breytingu á aðalskipulagi á svæði við Reykholt í Þjorsárdal.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að skipulagsfulltrúa verði falið að kynna lýsinguna skv 1. Mgr. 30. Gr skipulagslaga nr 123/2010. Með fyrirvara um breytingar á texta í samráði við skipulagsfulltrúa

9. Fundargerð 17. fundar Umhverfisnefndar. Fundargerð lögð fram og kynnt.
10. Fundargerð Atvinnu- og samgöngunefndar. Fundargerð lögð fram og kynnt.
11. Fundargerð NOS. Fundargerð lögð fram og kynnt.
12. Bréf frá skipulagsstofnun. Varðar Búrfell 2. Undirritað af Agli Þórarinssyni. Þar er óskað eftir að sveitarfélagið veiti umsögn um hvort nægjanlega sé ferð fyrir framkvæmdinni við virkjunina, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela skipulagsfulltrúa að vísa erindinu til skipulagsfulltrúa.
13. Leyfi til reksturs Gististaðar og veitinga Steinsholt 2. Beiðni um umsögn. Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi undirritað af Agli Benediktssyni þar sem leitað er umsagnar sveitarfélagsins umveitingu leyfisins. Sveitarstjórn samþykkir veitingu leyfisins fyrir sitt leyti. Gunnar Örn Marteinnsson vék af fundi undir þessum lið
14. Önnur mál löglega framborin.
 - I. Búrfell 2. Sveitarstjórn lýsir óánægju með samráðsleysi við hönnun og skipulag aðgengis að Búrfellsskógi í tengslum við framkvæmdir við Búrfell 2. Samþykkt að óska eftir fundi með stjórnendum Landsvirkjunar um málið svo fljótt sem auðið er.
 - II. Lokun Þjorsárdalsveggar vegna fjárreksturs. Gunnar Örn Marteinnsson lagði fram eftirfarandi bókun : Talsverðrar óánægju gætir vegna lokunar á Þjorsárdalsvegi vegna fjárrekstrar föstudaginn 15 september þar sem fólki taldi að veginum hefði verið lokað mun fyrr en þörf var á, auk þess hafi lokun vegarins komið fólki á óvart þar sem aðeins voru auglýstar tafir á umferð. Sveitarstjórn skorar á lögregluna ásamt fjallkóngum og sveitarstjórn að skoða hvernig best sé að standa að þessum málum í framtíðinni þannig að sem minnst röskun hljótist af. Samþykkt samhljóða. Oddvita falið að fylgja málinu eftir.

Mál til kynningar

- A. Fundargerð 523. Fundar stjórnar SASS.
- B. Afgreiðslur byggingafulltrúa. 17-62. 06.09.17.
- C. Fundargerð 182. Fundar Tónlistarskóla Árnesinga
- D. Fundargerð 852. Fundar stjórnar Sambands Ísl svf.
- E. Forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda.
- F. Kynningarefni um húsnæðisáætlanir.
- G. Aðalskipulagsvinna. Landbúnaðarland -skilgreining.

Fundi slitið kl : 16:30.

Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 4. október kl. 14.00.



Hjóladagurinn

Þann 11. september var hinn árlegi hjóladagur í Þjórsárskóla.

Nemendur komu með hjólin sín í skólann og farið var í hjólaferðir mislangar eftir aldri og getu nemenda. Nemendur fengu umferðafræðslu í undirbúningi fyrir hjóladaginn og allir hjóluðu í endurskinsvestum.



ART er aðferð til þess að hjálpa börnum að bæta félagsfærni, læra að stjórna reiði sinni, efla siðferðisþroska og bæta samskipti.

Þjórsárskóli er ART vottaður skóli sem þýðir að allir kennarar fara á réttindanámskeið og ART tímar eru fastir á stundatöflu í öllum bekkjum. Í hverjum bekk eru samskipta-reglur sem eru búnar til með nemendum að hausti.

Hér má sjá dæmi um ART reglur hjá nemendum í 1.- 2.bekk skólans. Þau settu handarfarið sitt til þess að samþykkja reglurnar.



Vistheimt 5.-7.bekkur

Föstudaginn 29. sept. hélt 5. 6. og 7. bekkur á Skaftholtsfjall. Fulltrúi Landgræðslunnar Anna Sigríður Valdimarsdóttir hitti okkur þar. Við skoðuðum tilraunareitina sem við höfum verið að vinna með undanfarin ár. Við tókum upp tepoka sem við höfðum sett niður síðasta vor. Tepokarnir verða sendir erlendis til rannsóknar á því hvernig niðurbrot er í þeim. Gengið var á fjallið og heim aftur.



Orð vikunnar

Við í 1.- 4.bekk ætlum að vinna markvisst með að auka orðaforðann okkar í vetur. Lögð eru inn 3 orð á viku í íslensku sem við vinnum síðan með yfir vikuna í skólanum. Foreldrar eru hvattir til þess að taka þátt í þessu verkefni með okkur, nota orðin með börnunum heima og taka eftir því og hrósa þeim þegar þau nota orðin.



Náttúrufræðikennsla í 5.-7. bekk

Friðjón Jónsson sjómaður kom til okkar í 5.-7. bekk með ýmislegt sjávarfang. Hann var með fyrirlestur um fiska og lífið á sjónum. Krakkarnir tóku vel á móti honum og voru frábær í að spyrja hann. Þau fengu svo að handfjatla fiskana, kryfja þá og skoða innviflin.

Kveðja úr skólanum.

Kristín og Bolette.



48. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi miðvikudaginn 4. október 2017 kl. 11:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinnsson, Meike Witt og Halla Sigríður Bjarnadóttir, auk Kristófers A. Tómassonar sveitarstjóra sem ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Bjarni Ófeigur Valdimarsson sat fundinn undir fyrsta lið á dagskrá og óskaði eftir að tjá sig. Var það samþykkt.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Aðalskipulagsdrög 2017-2020- umfjöllun um tiltekið efni. Bjarni Ófeigur tók til máls og sagði frá viðhorfi sínu til virkjananna Vörðufellsvirkjunar og Hestvatnsvirkjunar. Umfjöllun vísað til vinnu við aðalskipulagsvinnu.
2. Erindi frá Veiðifélagi Stóru-Laxár. Varðar fiskirækt.
Lagt fram erindi frá Veiðifélagi Stóru- Laxár þar sem félagið ásamt veiðifélagi Árnesinga óskar eftir heimild til Fiskistofu til flutnings á 10 löxum á hvoru kyni í Stóru- Laxá. Erindi samþykkt samhljóða.
3. Umboð- Kjörskrá vegna alþingiskosninga 28. október 2017.
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að semja kjörskrá. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna alþingiskosninga 28. október 2017 í samræmi við 27. gr. Laga um kosningar til Alþingis.
Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að fela oddvita að semja kjörskrá og ofangreinda fullnaðarheimild vegna alþingiskosninga 28 október 2017 ef til forfalla sveitarstjóra kemur fram að og á kjördegi.
4. Hólaskógur – umsækjendur um rekstur. Sveitarstjóri kynnti umsóknir um rekstur fjallaskálans í Hólaskógi. Umsækjendur eru Gestur Þórðarson, Fish partner, Ólöf Anna og Einar Harðarson og Rauðikambur ehf. Sveitarstjórn samþykkir að ganga til viðræðna við Rauðakamb ehf um leigu á Hólaskógi. Sveitarstjóra falið að vinna að samningsgerð.
5. Yfirfasteignamatsefnd- varðar vindmyllur. Fulltrúar nefndarinnar óska eftir að fara í vettvangsferð til skoðunar á vindmyllum á Hafinu. Lagt fram og kynnt.
6. Skipulagsnefnd. 141 fundur.
22. Hvammsvirkjun. Virkjun Þjórsár á mótis við Skarðsfjall: Deiliskipulag- 1509062. Á fundi Skipulagsnefndar 14. sept. voru lagðar fram til kynningar athugasemdir og umsagnir við tillögu að deiliskipulagi Hvammsvirkjunar, samhliða breytingu á aðalskipulagi. Skipulagsnefnd frestaði umfjöllun um aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulag svæðisins.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar.
23. Hraunhólar 166567. Bjarkarlaut 1. Samþykki lóðarheitis innan deiliskipulags 1709107.
Lögð fram umsókn um stofnun lóðar úr landi Hraunhóla í samræmi við gildandi deiliskipulag svæðisins þar sem óskað er eftir að hún fái heitið Bjarkarlaut.
Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að lóðin fái heitið Bjarkarlaut.
Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að lóðin fái heitið Bjarkarlaut.

7. Reglur Skóla- og velfþj. Árnesþings um ferðapjónustu fatlaðra. Lagðar fram til samþykktar reglur Skóla- og velferðarþjónustu um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk. Reglur þessar voru staðfestar af Skólaþjónustu- og velferðarnefnd 13. september 2017 og eru sendar til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga til samþykktar. Reglurnar samþykktar samhljóða.

Fundargerðir

8. Atvinnu- og samgöngunefnd 22. fundur. Fundargerð lögð fram og kynnt.
9. Fundur stjórnar B.A. Nr. 16. 29.08.17. Fundargerð lögð fram og kynnt.
10. Fundur stjórnar B.A. Nr 17. 19.09.17. Fundargerð lögð fram og kynnt.
11. Fundur stjórnar B.A. Nr. 18. 29.09.17. Fundargerð lögð fram og kynnt
12. Fundur framkvæmdanefndar A.A. nr 20. 19.09.17. Fundargerð lögð fram og kynnt.
13. Fundur Skólanefndar Flúðaskóla nr. 5. 28.09.17. Fundargerð lögð fram og kynnt.
14. Fundur Skólanefndar Flúðaskóla v. æskulýðsmála nr. 2. 05.09.17.

Fundargerð lögð fram og kynnt.

15. Hitaveita Gnúpverja. Framkvæmdaáform. Lögð voru fram drög að kostnaði við borun eftir heitu í Þjórsárholti frá stjórn Hitaveitunnar. Óskar stjórnin eftir aðkomu sveitarfélagsins að kostnaðinum. Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir því við stjórn Hitaveitu Gnúpverja að haldinn verði hlutahafafundur í Hitaveitunni um verkefnið.

Mál til kynningar

- A. Heilbrigðisnefnd 181.fundur.
- B. Aðalfundargerð Tús 2017.
- C. Afgreiðslur byggingafulltrúa 17-63.
- D. Aðalskipulagsvinnuhópur. Fundargerð 20.09.17
- E. Fundur um Gjána í Umhverfisstofnun.
- F. Ársreikningur HSU 2016.
- G. Náttúrufræðistofnun Vistgerðir.
- H. Læsisstefna Flúðaskóli og Undraland.
- I. Skólaakstur öryggismál.
- J. Starfsáætlun Flúðaskóla.
- K. Flúðaskóli Ytra mat.



Haust í Gjánni

Fundi slitið kl 12.50. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 18. október næstkomandi. Kl. 14.00.



Menn og málefni!



Anna Stefanía Vignisdóttir frá Brautarholti og Kristinn E. Loftsson Selfossi eignuðust sitt þriðja barn sem er drengur þann 4. september .s.l.- Hann vó 17 merkur og 52 cm. Kappinn litli á tvær eldri systur þær Klöru Maríu 6 ára sem er byrjuð í grunnskóla og Kristínu Emilíu 3ja ára en hún er í leikskóla. Við óskum fjölskyldunni hjartanlega til hamingju með drenginn.

Sigprúður Jónsdóttir náttúrfræðingur í Eystra-Geldingaholti hlaut Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti, á degi íslenskrar náttúru, þann 15. sept. s.l. fyrir áralanga baráttu sína fyrir verndun Þjósárvera. Segir í rökstuðningi ráðherra að Sigprúður hafi helgað líf sitt verndun svæðisins og unnið markvisst að vitundarvakningu um einstæða náttúru þess. Við óskum Sigprúði innilega til hamingju með viðurkenninguna.



STOPPUSTUÐ Í Árnesi!

Rafhleðslustöð fyrir bifreiðar er nú komin upp við inngang skólamötuneytis, (austan megin) við Félagsheimilið Árnes.



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á slökkvitaeki@babubabu.is



HRUNAPRESTAKALL Aðeins af messusókn



Stundum er talað um að kirkjusókn sé dræm og oft er ég spurður að því hvort nokkur nenni orðið að mæta í messu. Margir gefa sér að kirkjur séu hálfótamar flesta sunnudaga og gjarnan fylgja nokkur vel valin orð um það hve kirkjan sé gamaldags, úrelt stofnun og fremur leiðinleg. Oftast eru þessi sjónamið byggð á vanþekkingu. Auðvitað er það svo að messusókn er misjöfn og hún er líka misgóð eftir kirkjum.

Áður en lengra er haldið er rétt að ítreka að gæði kirkjustarfs verða ekki eingöngu mæld í kirkjusókn en góð kirkjusókn ætti þó að gefa vísbendingu um að kirkjan sé samferða sóknarbörnum sínum. Að ná eyrum fólks hlýtur einnig að vera eitt megin viðfangsefni kirkjunnar. Þess vegna er vert að gefa kirkjusókninni gaum. Kirkjan má aldrei láta það eftir sér að segja að kirkjusóknin skipti engu máli.

Við hér í Hrunaprestakalli megum vera glöð með góða messusókn. Þegar horft er á hlutfallstölur út frá fjölda sóknarbarna tala staðreyndir sínu máli. Í uppskerumessu í Hrunakirkju í september sl. mættu 95 manns sem jafngildir því að 1192 mundu mæta í messu í Dómkirkjuna í Reykjavík. Fastur liður er að kveðja gamla árið með messu í Stóra-Núpskirkju en þar voru mættir 45 kirkjugestir um síðustu áramót sem er eins og að 1776 kæmu í messu í Neskirkju vestur í bæ.

Í nýármessu í byrjun þessa árs mættu 55 í Hrepphólakirkju og ég er viss um að ef sama hlutfall sóknarbarna mundi mæta í svoleiðis messu í Hallgrímskirkju á Skólavörðuholti þá þættu það stórtíðindi enda væru þar þá saman komin 3207 manns! Fastur liður er að enda barnastarfið í okkar prestakalli og fagna sumri með fjölskyldumessu í Ólafsvallakirkju en þangað komu síðast 60 manns og það er ég viss um að eitthvað myndi nú heyrast af því ef 4254 (sem er sama hlutfall messugesta) væru mættir í messu í Grafarvogskirkju.

En svo koma auðvitað inn á milli sunnudagar þar sem heldur færri koma í kirkju í okkar prestakalli, t.d. þegar það mættu 12 í messu í janúar í Ólafsvallakirkju. En þá er enn hollt að skoða stærra samhengið. Það er eins og að 523 mundu mæta í messu í Árbæjarkirkju í Reykjavík sem mig grunar að yrði talin með fjölmennari messum þar á bæ.

Þá held ég að það myndi kallast afbragðsmessusókn í Hafnarfjarðarkirkju ef þangað mættu 268 manns en það er sama hlutfall og var hjá okkur í Hrunakirkju í messu í febrúar þar sem mættu 21 – og við sem að kirkjustarfinu stöndum vorum hreint ekkert sáttt með þá messusókn!

Við höfum því ástæðu til að fagna og þakka fyrir góða messusókn í okkar prestakalli. Talað orð, fallegur söngur, vínafundur, nánd, kyrrð, upplifun, styrkur – og oft bullandi gleði; þetta allt og svo margt fleira getum við sótt í guðshúsin okkar.

Sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson.



Við birtum nú í heild pistilinn um íþróttastarf Ungmennafélags Hrunamanna þar sem að hann komst ekki fyrir í síðasta Fréttabréfi. khg

Íþróttastarf á vegum Ungmennafélags Hrunamanna veturinn 2017-2018 í íþróttahúsinu á Flúðum.

Eins og undanfarin ár býður UMFH upp á metnaðarfulla og öflugra íþróttadagskrá fyrir félaga sína í vetur. Þetta rit er til upplýsingar um það starf sem í boði verður í íþróttahúsinu á Flúðum í vetur.

Mikilvægt er að foreldrar skrái börnin sín í íþróttastarfið og geri sér grein fyrir því hvaða kostnaður og skuldbindingar fylgja því að eiga börn í íþróttum.

Að þessu sinni er sú nýjung að foreldrar eru beðnir um að skrá börnin sín í þær greinar sem þau ætla að stunda í vetur með því að senda póst á netfangið umfhrun@gmail.com og láta kennitölu greiðanda fylgja með í póstinum. Miðað er við að gengið sé frá skráningum fyrir 25. september. Fram að þeim tíma er hægt að fá að prófa íþróttagreinar. En eftir þann tíma þarf að skrá iðkendur ýmist úr eða í greinar eftir aðstæðum.

Góð ráð til foreldra

Án iðkenda væri ungmennafélagið auðvitað ekkert en starfið verður enn öflugra þegar foreldrar og aðstandendur taka virkan þátt í því. Bakgrunnur fólks í íþróttastarfi er auðvitað misjafn og mikilvægt fyrir alla að hafa það í huga. En hér að neðan er hægt að sjá góð ráð til foreldra barna sem eiga börn í íþróttum.

"Hvað ungur nemur, gamall temur"

Sem foreldri getur þú tekið þátt í því að gera íþróttir barna og unglinga að eftirminni-legri og jákvæðri reynslu. Hér eru nokkrar ábendingar sem vert er að gefa gaum.

- Komdu á æfingu eða á leiki þegar þú getur. Það virkar hvetjandi fyrir barnið líka þegar það eldist.
- Hrósið öllum iðkendum meðan á æfingum eða leik stendur, ekki aðeins dóttur þinni eða syni.
- Hvetjið börnin bæði þegar vel gengur og þegar á móti blæs, ekki gagnrýna.
- Berið virðingu fyrir störfum þjálfarans, ekki reyna að hafa áhrif á störf hans á meðan á leik stendur.
- Dómarinn á að gæta að öryggi barnanna, dæma leikinn sanngjarnt eftir bestu getu og stuðla að ánægjulegum leik fyrir börnin. Ekki gagnrýna ákvarðanir hans.
- Hafið áhrif og hvetjið börnin til þátttöku, íþróttir eiga að vera skemmtilegar.
- Spyrið hvort leikurinn eða æfingin hafi verið skemmtileg eða spennandi, úrslitin eru ekki alltaf aðalatriðið.
- Sýnið starfi félagsins virðingu. Verið virk á foreldrafundum þar sem umræður fara fram um þjálfun og markmið félagsins, þar er ykkar vettvangur.
- Mundu að það er barnið þitt sem er þátttakandi í íþróttum þegar í keppni er komið – ekki þú.
- Kynntu þér starf félagsins og taktu virkan þátt með því að mæta á foreldra- og aðalfundi sem boðaðir eru.

- Standið saman um fjáraflanir og félagsstarf í yngri flokkunum. Aðstoða við þáttöku í mótum, akstur, aðstoða við utanumhald og skipulagningu í keppnisferðum, aðstoða við gistingu, sjoppuvaktir á heimamótum o.s.frv..Leggið ykkar að mörkum til að íþróttaiðkun barna ykkar verði raunveruleg forvörn gegn hvers kyns vá.

Ein góð vísa sem hefur fylgt okkar yngstu keppnisliðum í gegnum tíðina:
 “Skora eitt, skora tvö, skora hundrað sextíu og sjö – ÁFRAM HRUNAMENN.”

Innra skipulag Ungmennafélags Hrunamanna

Ungmennafélag Hrunamanna var stofnað árið 1908 og hefur lifað góðu lífi í gegnum tíðina. Margt hefur eflaust breyst frá upphafsárum þess, en starfið hefur þó að mestu verið drifið áfram af öflugum sjálfbóðaliðum úr samfélaginu. Á síðustu árum hafa foreldrar yngri iðkenda verið duglegir við að taka að sér trúnaðarstörf og þannig hefur starfið haldist gangandi og fjölbreytt dagskrá verið á boðstólnum allt árið um kring. Hér að neðan er hægt að sjá hverjir það eru sem nú mynda stjórn UMFH og deildir félagsins.

Aðalstjórn:

Formaður: Jóhanna Bríet Helgadóttir

Gjaldkeri: Valdís Magnúsdóttir

Ritari: Dúna Rut Karlsdóttir

Meðstjórnendur: Sigurður Sigurjónsson og Þorbjörg Helga Sigurðardóttir

Íþróttafulltrúi Umf. Hrunamanna: Árni Þór Hilmarsson (20% starfshlutfall)



Deildir Umf. Hrunamanna (sem standa fyrir íþróttastarfi í íþróttahúsinu)

Frjálsar íþróttir

Formaður: María Magnúsdóttir
 Gjaldkeri: Bjarney Vignisdóttir
 Ritari: Alma Jenný Sigurðardóttir

Körfukn.

Formaður: Katrín Ösp Emilsdóttir
 Gjaldkeri: Bára Sævaldsdóttir
 Ritari: Ragnheiður Ósk Guðmundsdóttir

Fimleikar

Formaður: Friður Sæmundsdóttir
 Gjaldkeri: Hanna Björk Grétarsdóttir
 Ritari: Katrín Ösp Emilsdóttir

Blak karla

Formaður: Kristján Geir Guðmundsso
 Gjaldkeri: Hörður Úlfarsson
 Ritari: Magnús Víðir Guðmundsson

Knattspyrna

Formaður: Harpa Vignisdóttir
 Gjaldkeri: Halldór Hjartarson
 Ritari: Vantar fulltrúa

Blak kvenna

Formaður: Hildur Hjálmsdóttir
 Gjaldkeri: Hrund Harðardóttir
 Ritari: Sigríður Björk Marínósdóttir

Íþróttaskóli fyrir 4-5 ára – 5000 krónur á önn

Námskeiðsform í október, nóvember, febrúar og mars. Fimmtudaga kl. 16.15-17.00

Þjálfari – Hanna Björk Grétarsdóttir

Íþróttaskóli fyrir 1.-2. bekk - 16.000 krónur á önn

Mánudaga og fimmtudaga kl. 13.00-14.00 og föstudaga kl. 12.40-13.40.

Þjálfarar: Árni Þór Hilmarsson og Hanna Björk Grétarsdóttir

Knattspyrna – 8500 krónur á önn

Miðvikudaga 17.40-18.40. 3.-6. bekkur
 Miðvikudaga 18.40-19.40. 7.-10. bekkur
 Þjálfari: Helgi Valdimar Sigurðsson

Fimleikar – 8500 krónur á önn

Þriðjudaga 16.20-17.50. 3.-6. bekkur
 Þjálfarar: Jónína Sif Harðardóttir, Hrafnhildur
 Sædis Benediktsdóttir og Hanna Björk Grétarsd.

Frjálsar – 8500 1 æfing á viku á önn**12000 2 æfingar á viku á önn**

Mánudaga 16.10-17.10. 3-6. bekkur
 Mánudaga 17.10-18.30. 7.-10. bekkur
 Miðvikudaga 16.20-17.40. 6.-10. bekkur
 Þjálfari: Guðbjörg Viðarsdóttir

**Körfubolti – 18.000 krónur 3 æfingar á viku (3.-6.b.)****og 20.000 krónur 4 æfingar á viku (7.-10.b.)**

Mb.kvk. (3.-6.b): Mán 14.00-15.10, þri 15.10-16.20 og fös 13.30-14.40
 Mb.ka. (3.-6.b): Mán 14.00-15.10, fim 15.10-16.15 og fös 13.30-14.40
 7.-10.kvk. (7.-10.b): Mán 18.30-20, mið 15.10-16.20, fim 16-17.15 og fös 14.40-16
 7.-10.ka. (7.-10.b): Mán 18.30-20, þri 17.50-19, fim 17.15-18.30 og fös 14.40-16
 Þjálfari: Árni Þór Hilmarsson (aðrir óráðnir en verða kynntir þegar það skýrist betur)

Blak – upplýsingar um æfingagjöld hjá stjórnum deilda

Konur – Þriðjudaga 19.00-20.30 og fimmtudaga 18.30-20.00
 Karlar – Mánudaga 20.00-21.30 og fimmtudaga 20.00-21.30

Karlasport – námskeið sem eru mislöng og gjöldin eftir því. Nánar auglýst síðar.

Þjálfari – Margrét Guðmundsdóttir

Old boys sport

Knattspyrna á mánudögum 21.30-22.30
 Körfubolti á miðvikudögum 19.40-20.40

Tækjasalur – opinn mán-fim 16.00-21.30 og fös 13.00-18.00

Tækjasalur: 700 kr. (67 ára og eldri og öryrkjar frítt)

10 miðar 3.800 kr.

Mánaðarkort 4.800 kr.

Árskort í tækjasal 23.200 kr.

Árskort m/sundlaug 29.000 kr. í tækjasal og sund

**Bjarkasjóður**

Umf. Hrunamanna heldur utan um menntunar og afrekssjóð, Bjarkasjóðinn. Sjóðurinn er nefndur eftir Matthíasi Bjarka Guðmundssyni sem lést langt um aldur fram. Bjarki var sönn fyrirmynd íþróttamanna innan vallar sem utan, bindindismaður á áfengi og tóbak og sannur keppnismaður. Bjarki átti glæstan feril sem blakmaður, byrjaði ungur hjá UMFH en færði sig síðar yfir í Þrótt Reykjavík. Bjarki lék fjölmarga landsleiki fyrir karlalið Íslands og þjálfaði síðar landsliðið árið 2005. Bjarki endaði sinn feril hjá Umf. Hrunamanna sem þjálfari og leikmaður liðsins.

Hlutverk Bjarkasjóðsins er tvíþætt. Honum er annars vegar ætlað að styrkja afreksíþróttafólk sem stundar sína íþrótt og/eða hafa farið í gegnum starf UMFH og hins vegar þá sem vilja komast í eða bæta við sig í þjálfarenntun. Í gegnum tíðina hafa t.d. þeir sem komist hafa í yngri landslið Íslands hlotið styrki úr sjóðnum og einnig þjálfarar innan vébanda félagsins. Við minnum á sjóðinn og hvetjum okkar félagsmenn til þess að nýta sér hann.

Á bak við eldavélina!

Góðan dag kærur sveitungar!

Þakka ég kærlega áskorunina frá Sigurði og tek ég henni fagnandi.

Að minnsta kosti tók ég henni fagnandi fyrst þegar ég rak augun í hana en hef reyndar töluvert reitt hár mitt yfir henni síðan því þrátt fyrir að hafa alltaf verið dugleg að borða þá sýnist mér hæfileikar mínir við eldamennsku vera af skornum skammti. Hinsvegar hefur mig aldrei skort hugmyndaflug í eldhúsinu svo hérna koma tvær uppskriftir sem nýverið voru notaðar í eldhúsinu mínu, algjörlega úr sitthvorri áttinni þó; brokkolíbeikon salat annarsvegar og meinhollur mysudrykkur hinsvegar.



Brokkolí beikon salat:

Sósa:

½ bolli mayones

1/3 bolli sykur

3 matskeiðar hvítvínседik (en hérna má líka nota rauðvínседik....og kanski bara venjulegt edik, ég bara veit ekki...svona a.m.k ef hitt er ekki til?)

Þessu er blandað saman og hellt yfir eftirfarandi:

1 vænn brokkolíshaus – saxaður smátt (og ef matargestirnir eru matvandir og vilja ekki grænmetið sitt, þá er um að gera að saxa brokkolíð mjög smátt því þá er alls ekkert víst að þeir fatti að það sé grænmeti í þessu)

1 lítill rauðlaukur – saxaður smátt

1 poki af ristudum furuhnetum

1 bréf af beikon – steikt þangað til það er stökkt og skorið í litla bita

Þetta salat er mjög gott sem meðlæti með kjöti...eða sennilega bara hverju sem er.



Meinhollur Mysudrykkur:

Hellið ískaldri mysu í könnu og fyllið hana til hálf, fyllið svo könnuna af appelsínusafa, eplasafa, ananassafa eða hverjum þeim safa sem ykkur lystir!

Drykkurinn er stútfullur af hágæða mysupróteini, B-vítamíni og C-vítamíni auk þess að vera sérstaklega svalandi... t.d. í fjárragi?

Nú eins og þið sjáið þá er alls ekkert líklegt að tengdafaðir minn fari saddur úr matarboði hjá mér svo ég ætla til öryggis að skora á hann Didda (Eirík Kristinn Eiríksson) á efri hæðinni til að segja okkur hvað hann myndi galdra fram ef Sigurður þvældist þar inn hungraður eftir matarboð hjá mér? ☺



Kær kveðja.

Hrönn Jónsdóttir, Sandlækjarkoti.

Hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu 2017- 2019

Árið 2017 verða rotþrær hreinsaðar frá Skarðsbæjum og endað á Austurhlíð, Steinsholtsbæjum og Skaftholti.- 2018 eru það allar þrær á Skeiðum, Sandlækjarbæir og endað á Gunnbjarnarholti. 2019 hefst hreinsun við Ásaskóla, Ása, Stóra-Núp og Minna- Núp og endar á Sultartangavirkjun.

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

GIANT D337T HD



- Hátt og lágt drif
- Ókuhraði allt að 25 km
- Sjálfvirk driflæsing á báðum öxlum
- Mikil lyftigeta
- Aflmikill
- Stöðugur
- Úrval aukahluta

Aukabúnaður:

- Niðurfellandið öryggishúð
- Hátt og lágt drif
- 0-10 km/h 0-25 km/h
- Vinnulós að framan
- 90 kg. þynging með dráttarengi

Vél:	Kubota D1105-T
	33 HP/24 kW
Lyftigeta:	1450 kg
Aksturshraði:	0-10 / 0-25 km



Rúllugreip tvöföld

Sérstakt hausttilboð

kr. 275.000 m/vsk



Minnum á sláturefnið okkar en þar færðu:

Bjúgnalanga - kjötret - gerfi vambir - kjötkróka - sláturgarn - hnifa - frystipoka - vacuum poka - boltabyssur - púðurskot - o.fl. o.fl.

LANDSTÓLPÍ - Egilsstöðum

Sími: 471 1901

Steinbitar

Eigum til afgreiðslu margar stærðir af steinbitum



Gunnbjarnarholli,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Vetraropnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi!
Neslaug S: 486-6117 **Skeiðalaug S: 486 5500**

Neslaug

Open - Winter:

Miðvikud.- Wed. 17:00 - 22:00

Laugard. Saturd. 13:00 - 18:00

**Vörur tengdar sundi seldar
í afgreiðslum lauganna.**

**Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.**

Skeiðalaug

Open - Winter:

Mánudaga Mon. 18 - 22

Fimmtudaga Thu. 18 - 22

Neslaug og Skeiðalaug eru á

facebook

Fylgist með þar

Eyþór Brynjólfsson s: 897-1112

**Umsjónarmaður sundlauga
eythorb@gmail.com**

Skeiða og Gnúpverjahreppur

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu, Brautarholti.

Opið alla fimmtudaga 20:00 -22:00

Lesum mikið og vel - lýðræðinu til heilla!

S: 486-5505

Netfang bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>

